

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 16. apríl 2019

Mál nr. E-180/2017:

Arion banki hf.

Tinna Björk Gunnarsdóttir lögmaður.

gegn

Hreggviði Þorsteinssyni

Ásgeir Þór Árnason lögmaður.

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð þann 8. mars 2019, er höfðað með stefnu birtri 19. ágúst 2017.

Stefnandi er Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Stefndi er Hreggviður Þorsteinsson.

Dómkröfur stefnanda eru svofelldar:

„Stefnandi krefst þess *ad allega* að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 20.413.443 japanskra jena og 215.437,48 svissneskra franka ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af nefndum fjárhæðum frá 22. apríl 2015 til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess *til vara* að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 48.516.991 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af þeirri fjárhæð frá 22. apríl 2015 til greiðsludags.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.“

Stefndi krefst þess *ad allega* að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum er enn fremur gerð krafa um að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað eftir mati dómsins.

Við aðalmeðferð gaf skýrslu stefndi Hreggviður Þorsteinsson.

Fyrir uppkvaðningu dóms var gætt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Málavextir

Aðila greinir á um málavexti.

Þann 22. desember 2006 undirritaði stefndi skjal með yfirskriftinni „Beiðni um reikningslán í erlendum myntum“. Þar óskaði stefndi eftir því við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis að sparisjóðurinn veitti stefnda fjölmyntareiknislán að fjárhæð jafnvirði 25.000.000 kr. og að fjárhæðin yrði samsett af eftirfarandi gjaldmiðlum: „CHF (50%) 220.692,09 og JPY (50%) 21.400.445“. Jafnframt að fjárhæðina, ásamt sex mánaða LIBOR vöxtum að viðbættu 3% álagi og kostnaði, skyldi endurgreiða þann 15. maí 2007.

Þann 19. desember 2006 hafði SPRON gefið út skjal með yfirskriftinni „Staðfesting á fjölmyntareikningsláni“ þar sem kom fram að með vísan til beiðni stefnda um reikningslán bundið erlendum myntum hefði SPRON samþykkt beiðnina og myndi lána stefnda í formi fjölmyntareikningsláns JPY og CHF með sömu fjárhæðum og að ofan greinir, með sex mánaða LIBOR vöxtum. Tiltekið var í skjalinu að lánsfjárhæðin yrði nýtt til greiðslu á stofnfjárbréfum og skyldi hún endurgreiðast, ásamt vöxtum og kostnaði, þann 15. maí 2007.

Þann 13. júní 2007 óskaði stefndi eftir að Sparisjóðurinn myndi framlengja gjalddaga lánsins um eitt ár. Af skjalinu má ráða að beiðnin hafi verið samþykkt af SPRON.

Þann 6. ágúst 2008 óskaði stefndi á ný eftir framlengingu á gjalddaga lánsins um eitt ár, eða til 15. maí 2009 og má ráða af skjalinu að það hafi verið samþykkt af SPRON.

Þann 22. október 2008 undirritaði stefndi aðra beiðni um framlengingu til 15. maí 2009 og verður ráðið af skjalinu að hún hafi líka verið samþykkt af SPRON.

Þann 30. júní 2009 undirritaði stefndi skjal með fyrirsögninni „BREYTING á greiðsluskilmálum lánasamnings með erlendu myntviðmiði“. Var lokagjalddagi þar tilgreindur 15. maí 2010. Segir jafnframt í stöðluðum texta skjalsins að „skuldabréf þetta“ hafi upphaflega verið gefið út til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., nú Skilanefndar SPRON. Svo segir að Nýi kaupþing banki geri þessa skilmálabreytingu samkvæmt umboði og heimild í samningi milli Skilanefndar SPRON og Nýja Kaupþings banka hf. Sama dag undirritaði stefndi skjal þar sem hann gerir fyrirvara um betri rétt neytanda vegna síðastgreinds skjals, en stefndi lýsti því að hafa ekki fengið að undirritað skjalið með þessum fyrirvara. Fyrirvarinn er mótttekinn af hálfu Nýja Kaupþings banka hf. sama dag og hann er undirritaður.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að með beiðni stefnda um lán í desember 2006 hafi falist tilboð um lántöku sem SPRON hafi samþykkt, þannig að lánsamningur hafi komist á milli aðila. Jafnframt að skilmálar hans hafi verið nánar útfærðir í staðfestingu SPRON dags. 19. desember

2006 og síðar tilkomnum viðaukum dags. 13. júní 2007, 6. ágúst 2008, 27. október 2008 og 30. júní 2009. Stefnandi byggir á að um sé að ræða skuldbindingu í erlendum gjaldmiðlum sem fari ekki gegn ákvæðum 13. og 14. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Að virtu efni fyrirbyggjandi skjala og samhengi þeirra verði að telja að lánessamningurinn hafi í upphafi kveðið á um gilda skuldbindingu í erlendum myntum. Verði ekki fallist á það með stefnanda að skuldbindingin teljist vera um lán í erlendum gjaldmiðlum og talið að hún hafi brotið í bága við VI. kafla laga nr. 38/2001 byggir stefnandi varakröfu sína á því að stefnda beri að greiða stefnanda fjárhæð lánsins í íslenskum krónum, eins og hún hafi verið ákveðin með viðaukanum þann 30. júní 2009, þar sem tiltekið hafi verið að eftirstöðvar lánsins þann 16. júní 2009 hafi numið jafnvirði 48.516.991 kr. Stefnandi byggir á því að tilgangurinn með gerð lánessamningsins sé stefnanda með öllu óviðkomandi enda beri stefndi sjálfur áhættuna af þeim viðskiptum.

Stefnandi gerir kröfu um greiðslu dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, samkvæmt heimild 1. mgr. 5. gr. laganna. Upphafsdagur dráttarvaxta sé 20. september 2013, þ.e. fjórum árum fyrir þingfestingardag máls þessa enda séu dráttarvextir fyrir þann tíma fyrndir.

Aðild sína byggir stefnandi á að með heimild í lögum nr. 125/2008 hafi Fjármálaeftirlitið tekið þá ákvörðun dags. 21. mars 2009 að taka yfir vald stofnfjárfundar SPRON, og víkja stjórn sjóðsins og skipa skilanevnd yfir hann. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dags. 26. maí 2009 hafi enn fremur verið stofnað sérstakt hlutafélag, Drómi hf., sem hafi tekið við eignum SPRON. Þann 31. desember 2013 hafi stefnandi fengið fyrrgreinda kröfu framselda frá Dróma hf., sbr. einnig áritun á skjölin, og teljist því réttur aðili að málinu.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna kröfuréttar og meginreglna samningaréttar um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fái m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Um aðild stefnanda vísast til 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, ákvarðana Fjármálaeftirlitsins og framsals Dróma hf. til stefnanda. Vísað er til VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Dráttarvaxtakröfu sína styður stefnandi við 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Um varnarþing vísast til 32. gr. laganna. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir því að lánessamningur hafi komist á milli aðila og er sýknukrafa stefnda í fyrsta lagi byggð á aðildarskorti þar sem stefndi hafi ekki skuldbundið sig gagnvart SPRON til að endurgreiða peningalán. Stefndi byggir á því að hann hafi ekki mótttekið fjármuni sem málatilbúnaður stefnanda byggir á. Stefndi byggir og á því að sú meinta skuldbinding stefnda frá desember 2006 um að lofa að greiða 25.000.000 kr. fyrir stofnfjárbréf sé fyrnd skv. 1. tl. 3. gr. þágildandi fyrningarlaga nr. 14/1905, sbr. og 3. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr. núgildandi fyrningarlaga nr. 150/2007, enda gildi núverandi endurtekningarregla fyrningalaga um 10 ára fyrningarfrest á lánum ekki um lán sem seljandi hefur veitt til fjármögnunar á kaupum með greiðslufresti.

Ef ekki verði fallist á að krafa stefnanda sé niðurfallin fyrir fyrningu byggir stefndi á því að ógilda beri kaup hans á stofnfjárbréfum sem hafi verið undirrót viðskiptanna á grundvelli 31. og 36. gr. laga um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 eða á grundvelli óskráðra reglna um brostnar forsendur. Vegna þess að stofnfjárbréfin og síðar hlutabréf í SPRON sem í stað þeirra áttu að koma hafi reynst vera verðlaus við fall SPRON og jafnframt verið það við kaupin og lánveitinguna. Á því er byggt að starfsmenn sparisjóðsins hafi notað sér einfeldni og fákunnáttu stefnda til að fá hann til að kaupa bréfin og þannig afla sparisjóðnum hagsmuna sem hafi bersýnilega verið miklu verðmætari en hin verðlausu stofnfjárbréf og bersýnilegur mismunur hafi verið á hagsmunum þessum og endurgjaldi því sem hafi átt að koma fyrir. Einnig er á því byggt að víkja eigi sammingsígildi til hliðar í heild eða hluta þar sem það verði að teljast ósanngjarnt af stefnanda eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig með því að innheimta meinta kröfu hjá stefnda. Byggt er á því að sparisjóðurinn hafi falsað og fegrað reikninga sína með ólögumætum hætti í þeim tilgangi að mynda markaðsverð með stofnfjárbréf sem hafi alls ekki getað verið verið nálægt sannvirði sparisjóðsins og að hann hafi í raun verið kominn í greiðsluþrot þegar stefndi hafi verið blekkur til að kaupa stofnfjárbréfin. Stefnandi sem telji sig hafa eignast kröfu á hendur stefnda fyrir framsal skilanefndar SPRON hf. og Dróma ehf. geti ekki öðlast betri rétt á hendur stefnda en sparisjóðurinn og SPRON hf. hafi haft og verði því að sæta öllum hinum sömu mótbárum og sparisjóðurinn og SPRON hf. myndi ella hafa þurft að sæta vegna viðskiptanna.

Stefndi byggir á því að umrædd kaup á stofnfjárbréfum í sparisjóðnum í desember 2006 teljist til verðbréfavíðskipta í skilningi 1. gr. þágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti eða með lögjöfnun. Sparisjóðnum hafi m.a. borið að fylgja reglum II. kafla laganna um skyldur gagnvart stefnda og hafa í heiðri almennu reglu 4. gr. að starfa í samræmi við eðlilega víðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og

hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Hafi sparisjóðnum borið að veita stefnda greinargóðar upplýsingar um þá áhættu sem viðskiptunum fylgdi er skyldu vera skýrar og sanngjarnar og ekki mátt vera villandi þannig að stefndi gæti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun. Ekki verði séð að starfsmenn sparisjóðsins hafi gætt þessarar skyldu sinnar. Byggt er á því að stefndi hafi vegna villandi ráðgjafar starfsmanna sparisjóðsins og SPRON samþykkt kaupin og að sparisjóðurinn og SPRON hafi sýnt af sér alvarlegt skeytingarleysi um hagsmuni hans, sem hafi ekki haft mikla þekkingu á verðbréfavíðskiptum, með því að upplýsa hann ekki um þá áhættu sem hafi falist í viðskiptunum.

Til vara byggir stefndi á því að færa beri kröfu stefnanda verulega niður vegna þess að meint skuldbinding stefnanda til greiðslu hafi verið ólöglega bundin við erlenda gjaldmiðla þvert á ákvæði 14. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Beri því eingöngu að dæma stefnda til að greiða stefnanda höfuðstól meintrar skuldbindingar hans að fjárhæð 25.000.000 kr.

Stefndi byggir jafnframt á því að stefnandi hafi fengið hina meintu fjárkröfu sem mál þetta snýst um framselda frá Dróma ehf. án sérstaks endurgjalds og byggir stefndi á því að stefnandi megi þannig ekki auðgast á kostnað stefnda með vísan til óskráðra reglna um óréttmæta auðgun í því sambandi en að minnsta kosti beri að lækka fjárkröfu stefnanda til samræmis við þá fjárhæð sem hann getur sýnt fram á að hann hafi galdið Dróma ehf. fyrir kröfuréttindin.

Þá er til vara byggt á því að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða stefnda vexti til viðbótar við höfuðstólinn frá dómsuppsögudegi til greiðsludags skv. 1. mgr. 4. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Forsendur og niðurstaða

Í máli þessu er ein meginmálsástæða stefnda sú að krafan, sem stefnandi krefst greiðslu á, sé fyrnd. Um þetta vísar stefndi til 1. tl. 3. gr. eldri fyrningarlaga nr. 14/1905, sbr. og 3. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007.

Krafa þessi stofnaðist með framanlýstum gerningum í lok ársins 2006 eins og nánar er lýst hér að ofan. Krafan stofnaðist ekki með útgáfu skuldabréfs, en engu breytir í því sambandi að við framlengingu gjalddaga þann 30. júní 2009 hafi í stöðluðu eyðublaði verið sagt að „skuldabréf þetta“ hafi upphaflega verið gefið út til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., enda liggur fyrir að aldrei var gefið út neitt skuldabréf auk þess að Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. var ekki orðinn til þegar krafan stofnaðist í öndverðu.

Þegar krafan stofnaðist gaf Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis út yfirlýsingu þann 19. desember 2006. Í yfirlýsingunni, sem er á bréfsefni sparisjóðsins og ber með sér að vera samin af starfsmanni hans, segir berum orðum að „Lánsfjárhæðin verður nýtt til greiðslu á stofnfjárbréfum“. Verður ekki betur séð en að það hafi verið tilgangur og forsenda lánveitingarinnar, þ.e. að stefndi myndi nýta féð til kaupa á stofnfjárbréfum. Er það enda í samræmi við framburð stefnda við aðalmeðferð, þ.e. að honum hafi staðið til boða að eignast stofnfjárbréf í sparisjóðinum og að sparisjóðurinn myndi lána honum fé til þess arna. Stefnandi hefur hvorki fært fyrir því rök, né heldur gert líklegt eða sennilegt, að tilgangur lánveitingarinnar hafi verið annar en þessi.

Stefnandi hefur borið því við að tilgangur lánveitingarinnar varði hann engu og skipti engu máli um afdrif kröfunnar. Á þetta er ekki unnt að fallast, enda liggur fyrir að af hálfu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis var talin ástæða til að taka sérstaklega fram í greindri yfirlýsingu, að lánsfjárhæðin yrði nýtt til greiðslu á stofnfjárbréfum. Þá liggur fyrir að féð var nýtt til þess og annars ekki. Verður ekki betur séð en að lánveitingin hefði ekki orðið ella.

Óumdeilt er að krafa þessi stofnaðist í gildistíð eldri fyrningarlaga og gilda því ákvæði þeirra um hana, sbr. 28. gr. núgildandi fyrningarlaga nr. 150/2007. Í 1. tl. 3. gr. eldri fyrningarlaga sagði frá því að á 4 árum fyrntust kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé með fasteign. Almennt er litið svo á að verðmæti sem ekki teljast til fasteigna séu lausafé. Skiptir að mati dómsins engu máli hvort um var að ræða áþreifanlegt lausafé s.s. húsgögn eða reiðhjól, eða stofnfjárbréf. Ekki var um að ræða fasteign og var því um að ræða lausafé í skilningi 3. gr. laga nr. 14/1905. Í 3. gr. núgildandi fyrningarlaga nr. 150/2007 er kveðið á um það að almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda sé 4 ár, en í 2. mgr. 5. gr. laganna segir hins vegar að kröfur sem byggjast á peningalánnum fyrnist á 10 árum. Síðan segir í beinu framhaldi „*Þetta gildir þó ekki um lán sem seljandi eða annar aðili hefur veitt til fjármögnunar á kaupum með greiðslufresti.*“ Af lögskýringargögnum verður ekki ráðið að með ákvæði þessu hafi verið ætlað að gera sérstakar breytingar frá þeirri reglu sem gilt hafði skv. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Að mati dómsins er ljóst að krafan varð til vegna sölu á stofnfjárbréfum, þ.e. út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, og að um var að ræða lán sem veitt var til fjármögnunar á kaupum á stofnfjárbréfum, með greiðslufresti. Var því krafan fyrnd samkvæmt framangreindum ákvæðum fyrningarlaga þegar stefnandi höfðaði mál þetta með birtingu stefnu þann 19. ágúst 2017 og verður því stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Samkvæmt framansögðu verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað og er hann ákveðinn kr. 1.500.000 og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hreggviður Þorsteinsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Arion banka hf.

Stefnandi greiði stefnda kr. 1.500.000 í málskostnað.

Sigurður G. Gíslason